

17. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Ársæli Jónssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út veitingabréf handa sér Lárusi Þ. Guðmundssyni fyrir Holtsprestakalli í V.-Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. nóvember 1969 að telja.

18. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Daniel Guðnasyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum hér á landi.

24. nóvember 1969 var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Hreggviði Hermannssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

27. nóvember var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Erni Arnar til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Einari Magnússyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

Nr. 355.

## SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Hinn 18. apríl 1969 afhenti herra Johann Manz forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem ambassador Austurríkis á Íslandi með búsetu í Kaupmannahöfn.

Hinn 16. júní 1969 afhenti ambassador Portúgal, Martim Machado de Faria e Maya, forseta Íslands embættisskilríki sín, sem ambassador Portúgal á Íslandi, með aðsetri í Osló.

Hinn 18. júlí afhenti ambassador Ilija Topaloski forseta Íslands trúnaðarbréf sitt, sem ambassador Júgóslavíu á Íslandi.

S. d. lét hr. P. A. Verykios, ambassador, af störfum sem ambassador Grikklands á Íslandi. Hr. Eustace Lagacos gegnir störfum sem settur sendifulltrúi, þangað til nýr ambassador verður skipaður fyrir Grikkland.

Hinn 3. september 1969 afhenti herra Guido Keel forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem ambassador Svisslands á Íslandi með búsetu í Osló.

Hinn 16. september 1969 var hr. Frederick Alan Dale Blair veitt viðurkenning sem vararæðismaður fyrir Kanada á Íslandi.

Hinn 15. október 1969 afhenti hr. Przemyslav Ogrodzinski, forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem ambassador Póllands á Íslandi með búsetu í Osló.

Hinn 17. október 1969 afhenti hr. Ahmed M. El-Messiri forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem ambassador Sameinaða Arabalýðveldisins á Íslandi með búsetu í Osló.

Frantísék Malík, sem verið hefur ambassador Tékkóslóvakíu á Íslandi, lét af störfum frá 1. desember 1969 að telja. Jafnframt var sótt um viðurkenningu fyrir Jozef Križ til þess að vera ambassador Tékkóslóvakíu á Íslandi. Forseti Íslands hefur veitt þessa viðurkenningu.

Nr. 356.

## SKRÁ

um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaði 1969.

	Tbl. nr.
Alhliða byggingarþjónustan hf., Reykjavík .....	15
Arnarhraun hf., Hafnarfirði .....	32
Álfafell hf., Stöðvarfirði, S-Múlasýslu .....	15
Baldursson hf., Reykjavík .....	15
Bílaleiga Suðurnesja hf., Njarðvíkurhreppi .....	69
Bjargarbúð hf., Reykjavík .....	71